

Mánaðarskýrsla Íbúðaláanasjóðs

Júní 2009



Fréttir af markaði

Alls námu heildarútlán Íbúðaláanasjóðs rúmlega 2,6 milljörðum króna í júní. Þar af voru rúmir 1,9 milljárðar vegna almennra lána og rúmar 700 milljónir vegna leiguþúðalána. Heildarútlán sjóðsins jukust því um tæp 3,6 % frá fyrrí mánuði. Meðalútlán almennra lána voru um 10,6 milljónir króna í júní, sem er auknung um 11% frá fyrrí mánuði. Alls lánaði Íbúðaláanasjóður um 8 milljárða króna á öðrum ársfjórðungi, sem er um 15% minna en á fyrsta fjórðungi ársins.

Heildarútlán fyrstu sex mánuði ársins voru því um 17,4 milljárðar, en það eru um 30% minni útlán en á fyrstu sex mánuðum ársins 2008.


Þann 16. júní hélt Íbúðaláanasjóður fjórða útboð ibúðabréfa á árinu 2009. Alls bárust tilboð fyrir 12,195 milljárða að nafnverði. Ákvæðið var að taka tilboðum að nafnverði 1,925 milljárða króna í HFF34 á meðalávöxtunarkröfunni 4,13% án þóknunar og 1,575 milljárða króna í HFF44 á meðalávöxtunarkröfunni 4,13% án þóknunar. Útlánavextir sjóðsins lækkkuðu um 0,1% í kjölfarið. Nýr vextir ibúðalána eru því 4,60% með uppgreiðsluákvæði og 5,10% án uppgreiðsluákvæðis. Vaxtaákvörðunin tók gildi 18. júní 2009.

Heildarvelta ibúðabréfa í júní nam tæplega 75,3 milljörðum, sem er 17% meiri velta en í fyrrí mánuði. Heildarvelta bréfanna nemur 407,8 milljörðum það sem af er árinu 2009.

Þann 25. júní greindi matsþyrtækjóð Moody's frá því að það hefði staðfest Baa1 lánshæfismat Íbúðaláanasjóðs. Horfur eru áfram neikvæðar. Þennan sama dag var skrifð undir samninga hjá Íbúðaláanasjóði í tengslum við útgáfu ibúðabréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Markmiðið með samningunum er að styrkja aðgengi Íbúðaláanasjóðs að lánsfó og efla verómyndun á eftirmarkaði. Frá 1. júní 2009 hafa fjórar fjármálastofnanir heimild til að kalla sig „aðalmiðlara með ibúðabréf.“ Þær eru: Islandsbanki hf., Ný Kaupbergi banki hf., MP banki hf. og NBI hf.



Í júní var undirritaður samningur milli Íbúðaláanasjóðs og Byrs sparisjóðs um kaup á safni skuldabréfa tryggðu með veði í ibúðarhúsnæði að fjárhæð um 2,7 milljárðar króna. Kaupin eru gerð í samræmi við heimild til slíkra kaupa skv. lögum nr. 125/2008, reglugerð nr. 1081/2008 og reglum Íbúðaláanasjóðs um kaup á skuldabréfum fjármálfyrirtækja. Íbúðaláanasjóður greiddi 79% af uppreiknuðu virði ósafnsins með aðhendingu ibúðabréfa úr flokki HFF150644 að fjárhæð kr. 1.705.368.135 að nafnverði. Eftirstöðvarnar, eða 21%, er krafð Byrs sparisjóðs á Íbúðaláanasjóð sem mun verða gerð upp að 8 árum liðnum. Byr sparisjóði er óheimilt að lána eða selja ofangreind ibúðabréf á eftirmarkaði og einungis heimilt að nota ibúðabréfin í veðlánaviðskiptum við Seðlabanka Íslands. Kjósi Byr sparisjóður að selja ibúðabréfin skuldbindur hann sig til að skipta sölù bréfanna niður á 3 ár þannig að hámarksfjárhæð bréfa sem heimilt er að selja á hverju ári, fyrst á árinu 2010, sé 1/3 af nafnverðsfjárhæð aðhentra bréfa. Jafnframt áskilur Íbúðaláanasjóður sér rétt á árinu 2009 til að skipta ofangreindum ibúðabréfum út fyrir bréf úr nýjum flokki ibúðabréfa sem stofnaður verður á árinu, þannig að uppreiknuð staða bréfanna við skiptin jafngildi markaðsvirkrið bréfanna úr flokkunum á skiptadegi.

Greiðslur ibúðaláanasjóðs námu um 8,3 milljörðum króna í júní og var stærstur hluti þeirra afborganir vegna ibúðabréfa.



Flokkur	Apr. 2009	Maí. 2009	Jún. 2009	Meðal lifftími	Nafn verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	6,01%	3,92%	3,74%	2,6	82,3	49,0
HFF24	5,30%	3,94%	4,14%	6,6	151,5	122,8
HFF34	4,54%	4,01%	4,38%	10,4	152,7	136,4
HFF44	4,33%	4,02%	4,35%	13,5	233,5	218,1

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadagri hvers mánaðar.
Meðal lifftími (ár) og sterð flokka (milljardar) í lok júní '09.
Af heildarútgáfu nafnverðs eru 7,2 ma. króna í HFF14, 7,2 ma. króna í HFF24, 7,2 ma. I flokki HFF34 og HFF44 sem tilheyrir lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka ibúðabréfa.



Útboð, útlán og greiðslur Íbúðaláanasjóðs

Niðurstaða 2009	Raun			
	Áætlun Q2	Raun Q2	Áætlun 2009	jan.-jún. 2009
Útgáfa ibúðabréfa	8-10	7,0	33-38	12,8
Samtals ný útlán í LS	10-12	8,0	41-47	17,4
Greiðslur í LS	14-16	15,4	59-65	33,5

Endurskoðuð áætlun 2009				
Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q Alls 2009
Útgáfa ibúðabréfa	6	8-10	10-12	9-10 33-38
Ný útlán í LS	9	10-12	12-14	10-12 41-47
Greiðslur í LS	18	14-16	13-15	14-16 59-65

